



Áherslur á Lyngbjalla í september

Læsi og samskipti

Orðaforðapema: Ég sjálf/sjálfur.

Við leggjum áherslu á orð sem tengjast líkamanum okkar og tilfinningum.

Hann **Lubbi** verður með okkur í lubbastundum í vetur þar sem við vinnum með íslensku máhljóðin. Við munum rifja upp hljóðin **Aa, Mm, Nn** og **Bb** og m.a. vinna með þau í gegnum ýmiskonar leiki.

Sköpun og menning

Við leggjum áherslu á að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og viðfangsefnum í listasmiðju leikskólans. Við munum einnig njóta þess að vinna með leir og ýmis önnur skapandi verkefni inni á deild.

Einnig vinnum við með litina og æfum fínhreyfingar.

Hæilbrigði og vellíðan

Börnin fara í litlum hópum í íþróttasal leikskólans til hans **Badda íþróttakennara** Þar fá börnin einnig tækifæri til að þjálfa grófhreyfingar, jafnvægi o. fl.

Sjálfbærni og vísindi

Við förum í vettvangsferðir í litlum hópum þar sem börnin kanna nærumhverfið okkar og lífverur sem þar búa.

Börnin æfa sig í því að klæða sig, að ganga saman í hóp og að ganga vel um umhverfið og náttúruna.



Við minnum foreldra á að nýta sér leikskóla-appið Karellen en það er helsta samskiptaleiðin milli leikskóla og foreldra. Þar er t.d. að finna upplýsingar um svefn og matmálstíma hvers dags sem barnið er í leikskólanum. Auk þess eru þar ljósmyndir af barninu ykkar í leik og starfi.